
Framleiðsla Hábrúnar ehf. á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 23. mars 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Hábrúnar ehf. vegna fyrirhugaðrar framleiðslu á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 1.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landhelgisgæslunnar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Hábrúnar ehf.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Framleiðsla á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun. Hábrún ehf. mars 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Ísafjarðarbæ 13. apríl 2022, Súðavíkurhrepp 26. apríl 2022, Fiskistofu 11. ágúst 2022, Hafrannsóknastofnun 29. apríl 2022, Landhelgisgæslunni 12. maí 2022, Matvælastofnun 26. apríl 2022, Minjastofnun Íslands 27. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 27. apríl 2022, Orkustofnun 11. maí 2022, Samgöngustofu 31. maí og 8. júlí 2022, Umhverfisstofnun 6. maí 2022 og Vegagerðinni 25. apríl 2022.

Eftirfarandi aðilar veittu jafnframt umsögn um matsáætlunina; Grímur Sigurðsson f.h. Arctic Sea Farm ehf. 25. apríl 2022 og Björn Hembre f.h. Arnarlax 31. maí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 11. júlí 2022.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform fyrirtækisins um framleiðslu á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Hábrúnar felast í eldi á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum á fjórum svæðum í Ísafjarðardjúpi. Alin verða 2.000 tonn í sjókvíum við Hnífsdal, 1.500 tonn í Hestfirði, 4.000 tonn við Naustavík og 4.000 tonn við Drangsvík á Snæfjallaströnd. Stærð seiða við útsetningu verða 100 gr. Fóðurnotkun verður 12.650 tonn á ári.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til tillögu Hábrúnar ehf.



Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Skilgreiningar og efnistöð

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar um matsáætlun Hábrúnar er gerð athugasemd við hugtakanotkun sem og umfjöllun um fyrirkomulag eldis.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreiningar séu notaðar eins og þær koma fyrir í lögum um fiskeldi og að samræmis sé gætt við notkun hugtaka. Framsetning og efnistöð þurfa að vera skýr og lýsandi, svo Skipulagsstofnun, umsagnaraðilar sem og aðrir sem vilja kynna sér áform Hábrúnar fái rétta mynd af áformunum.

Burðarþol Ísafjarðardjúps

Hafrannsóknastofnun hefur lagt fram burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp m.t.t. sjókvíaeldis.

Ráðlegging Hafrannsóknastofnunar við mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps m.t.t. sjókvíaeldis gerir ráð fyrir að heildarlífmassi verði aldrei meiri en 30.000 tonn í Ísafjarðardjúpi m.t.t. lífræns álags og að nákvæm vöktun á áhrifum eldis fari fram samhliða því. Í ljósi þess að lífmassi eldisdýra hvers rekstrarleyfis skal að hámarki samrýmast burðarþolsmati skv. 6. gr. b. í lögum um fiskeldi, telur Skipulagsstofnun brýnt að fram komi í umhverfismatsskýrslu hvernig staðið verði að áformuðu eldi m.t.t. þeirra takmarka sem burðarþolsmatið setur.

Tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða

Skipulagsstofnun velur athygli að nú liggur fyrir tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða sem kynnt er skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Í skipulagstillögunni er sett fram stefna um nýtingu svæðis sem nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri. Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd viðkomandi svæðis. Skipulagsgerðinni er ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku um framkvæmdir og starfsemi. Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til. Í skipulagsvinnunni er horft heildstætt á ólíka hagsmuni og sjónarmið sem vega þarf saman til að ákveða framtíðarnýtingu viðkomandi fjarða og flóa. Í strandsvæðisskipulagi er meðal annars tekin afstaða til þess hvar gera skuli ráð fyrir möguleika á sjókvíaeldi.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir staðsetningu eldissvæða m.t.t. þeirra nýtingarflokka sem kynntir eru í tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða auk þýðingu þess fyrir framkvæmdaraðila ef tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða verði samþykkt í núverandi mynd.

Fjarlægðir milli ótengdra aðila og sjúkdómar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að fjarlægðir milli eldissvæða ótengdra aðila í Ísafjarðardjúpi eru allt of stuttar, í flest öllum tilfellum sé horft til þeirra marka sem skilgreind eru í reglugerð um fiskeldi. Ekki er gerð grein fyrir nákvæmum fjarlægðum í matsáætlun en úr því þarf að bæta í umhverfismatsskýrslunni. Gerð er krafa um að lágmarki 5 km fjarlægð milli eldissvæða í reglugerð um fiskeldi vegna hættu á dreifingu sjúkdómsvalda.

Hafrannsóknastofnun bendir á að sjúkdómsvaldar sem geta borist milli eldissvæða eins og laxa- og fiskilús og ISA veira (blóðþorri) hafa komið upp hér við land og er því afar brýnt að gera ítarlega grein fyrir mögulegri áhættu sem skapast í Ísafjarðardjúpi vegna þessara of stuttu fjarlægða og fjölda ótengdra aðila. Reynsla Arctic Sea Farm og Arnarlax í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði og Dýrafirði hefur verið sú að oft hefur verið þörf á notkun lyfja í formi fóðurs eða böðunar til þess að



stemma stigu við bæði laxa- og fiskilús. Í þessum fjörðum er það einn aðili sem hefur verið í rekstri á hverju svæði og fjarlægðir milli eldissvæða eru þar meiri en 5 km. Vegna of lítilla fjarlægða, fjölda rekstraraðila og þeirrar reynslu sem hefur skapast af sjúkdómum í fiskeldi hér má leiða líkur að því að laxa- og fiskilús geti orðið talsvert vandamál í Ísafjarðardjúpi með tilheyrandi óvissu um áhrif bæði sjálfra sníkjudýranna á eldisfisk og villtan fisk ásamt þeirri áhættu sem fylgir lyfjameðhöndlunum á lífríki Ísafjarðardjúps. Hluti umfjöllunar um álag á umhverfið vegna laxa- og fiskilúsar er umfjöllun um mótvægisáðgerðir svo sem notkun lyfja og þá áhrif þeirra á umhverfið.

Matvælastofnun bendir sömuleiðis á að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skuli samkvæmt meginviðmiði vera 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar. Stofnunin fer fram á að fjarlægðir milli eldissvæða allra rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi komi fram í umhverfismatsskýrslu Hábrúnar. Óskar stofnunin eftir að umfjöllun um heilbrigðis- og velferðarmál verði í víðu samhengi í umhverfismatsskýrslu. Í því felst einnig m.a. hvernig staðið skuli að innra heilbrigðiseftirliti hjá fyrirtækinu og meðferð og förgun á sjálfdaudum fiski.

Í svörum Hábrúnar kemur fram að til að auðvelda úrlausn mála vegna fjarlægða á milli óskyldra aðila leggur Hábrún fram valkosti um fjögur ný sjókvíaeldissvæði auk þess sem núverandi eldissvæði félagsins í Skutulsfirði yrði stækkað. Ný svæði verða staðsett í Skötufirði, Mjóafirði, suð-vestur af Æðey og aust-suð-austur af Æðey. Einnig bendir Hábrún á að ljóst er að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði. Að mati Hábrúnar geti Matvælastofnun hafnað umsóknum Arctic og Arnarlax um þessi eldissvæði, sem myndi þá tryggja Hábrún fullnægjandi athafnarými við Skutulsfjörð og næsta nágrenni þar sem félagið hefur stundað fiskeldi um árabil. Á grundvelli þessa og í samráði við rekstraraðila, gæti Matvælastofnun stuðlað að skynsamlegri skiptingu eldissvæða í Ísafjarðardjúpi, þar sem byggt verður eftir því sem kostur er á fjarlægðarreglu 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar, í stað þess að veita undanþágur frá reglunni, sem að megin stefnu þyrfti að veita öllum umsækjendum til þess að gæta jafnræðis, og samræma starfsemi rekstraraðilanna allra með tilheyrandi flækjustigi.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á samlegðaráhrif núverandi og fyrirhugaðs fiskeldis í Ísafjarðardjúpi varðandi forsendur til að víkja frá meginreglunni um 5 km fjarlægð milli eldissvæða, áhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxa- og fiskilús, villta stofna og aðrar sjávarnyttjar. Leggja þarf fram spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og fiski- og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum mælinga á yfirborðsstraumum á eldissvæðum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Ísafjarðardjúpi og á Vestfjörðum, svo og á möguleg áhrif á eldi annarra aðila. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.

Valkostir

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram umræða á kostum þess að velja eldinu aðra staðsetningu eða ala minna magn. Mat Hábrúnar er að ekki séu miklir möguleikar á öðrum staðsetningum fyrir eldið í Ísafjarðardjúpi, auk þess sem minni framleiðsla yrði ekki eins hagkvæm og myndi skapa ójafnvægi í rekstri. Einnig kemur fram að Hábrún telur lokaðar sjókvíar óraunhæfan valkost vegna þess að um er að ræða nýja tækni sem er skammt á veg komin. Eldi á landi er ekki talið raunhæft þar sem hvorki er fyrir hendi heitt vatn eða nægt grunnvatn auk þess sem landeldisstöð yrði margfalt dýrari en sjókvíaeldisstöð sem fyrirtækið hefur góða reynslu af úr Skutulsfirði.

Í svörum við umsögnum leggur Hábrún fram valkosti um fjögur ný eldissvæði auk þess sem núverandi eldissvæði félagsins í Skutulsfirði yrði stækkað.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Samanburður valkosta er



mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat fyrirhugaðrar framleiðslu á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir geta falist í frekari skoðun á staðsetningu eldissvæða vegna nálægðar núverandi áforma við eldissvæði ótengdra aðila og áform sem eru í samræmi við útgefið burðarþol Ísafjarðardjúps.

Sjókvíaeldisstöð

Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim búnaði sem tilheyrir áformuðum sjókvíaeldisstöðvum, þ.m.t. þeim búnaði sem sinnir fóðurgjöf. Einnig þarf að gera grein fyrir hvar samsetning og útsetning þess búnaðar sem er nauðsynlegur til reksturs slíkrar stöðvar eiga sér stað.

Samlegðaráhrif, næringarefnalosun og efna- og lyfjanotkun

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að gerð verði grein fyrir samlegðaráhrifum alls eldis í Ísafjarðardjúpi í ljósi burðarþolsmats og áhættumats Hafrannsóknastofnunar.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að vegna fjölda fyrirhugaðra framkvæmda í Ísafjarðardjúpi sé afar brýnt að gera vel grein fyrir samlegðaráhrifum þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð eldissvæði í Ísafjarðardjúpi eru nálægt uppeldisstöðvum rækju og telur stofnunin að meta þurfi umhverfisáhrif lyfjanotkunar og sjúkdómavarna, m.a. á rækjustofna.

Í ljósi vaxandi umfangs eldisstarfssemi á svæðinu, telur Skipulagsstofnun afar brýnt að samlegðaráhrif næringarefnalosunar og mögulegrar losunar hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar verði gerð skil í umhverfismatskýrslu, m.t.t. þeirrar starfssemi sem nú þegar er í rekstri auk þeirra eldisáforma sem fyrirhuga losun í sameiginlegan viðtaka.

Siglingaleiðir

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram engin hafnaraðstaða sé á svæðinu við Snæfjallaströnd eða Hestfjörð. Siglingar við Snæfjallaströnd og Hestfjörð tengist fiskveiðum, útivist og ferðaþjónustu og munu kvíar Hábrúnar ekki hefta þær siglingar frekar en aðrar siglingar um Ísafjarðardjúp.

Í umsögn Landhelgisgæslunnar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að stofnunin telur fyrirhugað eldissvæði utan við Hnífsdal vera farartálmun siglinga inn og út úr Skutulsfirði enda sýni söguleg ferilvöktunargögn að umferð skipa og báta liggja um svæðið. Það sé því ljóst að í vissum veðurfarslegum aðstæðum og ákveðnu sjólagi er mikilvægt fyrir skip og báta að geta haldið sig í skjóli undan Hnífsdal þegar þau eiga leið um svæðið. Landhelgisgæslan telur því svæðið ekki heppilegt til þess að setja út sjókvíar. Varðandi fyrirhugað eldissvæði í minni Hestfjarðar þá er ljóst að það þrengir mjög að siglingum inn og út úr Hestfirði. Það er takmörkuð sigling um fjörðinn en söguleg ferilvöktunargögn gefa þó til kynna að hún er til staðar og telur Landhelgisgæslan að staðsetning og umfang svæðisins ekki heppilegt til útsetningar sjókvíaeldis.

Í frekari umsögn Samgöngustofu bendir stofnunin á að staðsetning eldissvæðis undir Óshlíð sker ljósgeisla vitans á Arnarnesi. Hvítur ljósgeisli segir sjófarendum að sigling í geislanum sé greið og hindranalaus. Verði settar eldiskvíar í siglingaleiðina er ekki lengur um það að ræða að leiðin sé greið og hindranalaus og siglingaleiðin því í raun ófær. Í ljósi framangreinds leggst Samgöngustofa alfarið gegn því að heimilað verði að setja sjókvíaeldi í siglingaleið undir Óshlíð, á grundvelli laga um vitalög.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að stofnunin óskar eftir samráði varðandi þá þætti sem þurfa að koma fram er varðar siglingar, siglingaleiðir og merkingar siglingaleiða við vinnslu umhverfismatsins.



Í svari Hábrúnar kemur fram að framkvæmdaraðili mun leita ráðgjafar varðandi þetta mál og fjalla um það í umhverfismatskýrslu.

Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á siglingar í Ísafjarðardjúpi og aðra sjótengda starfsemi í samráði við yfirvöld.

Menningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að botninn undir fyrirhuguðum eldiskvíum í Ísafjarðardjúpi hefur ekki verið skoðaður sérstaklega í leit að minjum. Fiskeldi getur einkum haft áhrif á fornleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fornleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fornleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botn undir kvíum. Minjastofnun telur eðlilegt að við undirbúning framkvæmda verði farið yfir heimildir sem geta gefið vísbendingar um hugsanlegar minjar í vatni eða sjó og eftir atvikum framkvæmd athugun á botni, þannig að fornleifafræðingur fái gögn í til skoðunar eða verði hafður með þegar skönnun, köfun eða aðrar athuganir á botni eru gerðar.

Í svari Hábrúnar kemur fram að rætt verði við fornleifafræðing um sjávarminjar og gerð grein fyrir því í umhverfismatskýrslu.

Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir athugun á heimildum um skipsskaða í Ísafjarðardjúpi og fornleifafræðingur með þekkingu á neðansjávarminjum fenginn til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar á hafsbotninum innan eldissvæðanna.

Úrgangur

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að afföll vegna dauðra fiska verði um 115 tonn við 11.500 tonna framleiðslu. Dauðir fiskar verði fjarlægðir daglega og fargað samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist Í átt að hringrásarhagkerfi, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Aðgerð númer 16 í stefnunni er að hætta alfarið urðun lífrænna efna. Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs. Þá munu, þann 1. janúar 2023, lög um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs taka gildi. Með nýjum lögum verða lögaðilum skylt að flokka heimilisúrgang. Hvorki verður þá heimilt að urða né senda í brennslu m.a. lífúrgangi sem hefur verið sérstaklega safnaður.

Í umhverfismatskýrslu þarf að gera grein fyrir lífrænum úrgangi vegna starfseminnar og förgun hans.

Eldisstofn

Í umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun Hábrúnar bendir stofnunin á að í kafla 3.2.1 (og á fleiri stöðum í matsáætluninni) að Hábrún muni notast við regnbogasilung sem sé þrílitna hrygnur sem munu ekki tímgastrá á svæðinu. Allur regnbogasilungur sem fluttur er inn til fiskeldis á Íslandi er tvílitna en eingöngu er um hrygnur að ræða og því ekki rétt að um þrílitna fisk sé að ræða.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að gera þurfi grein fyrir því hvaðan eldisfiskur kemur nákvæmlega upp á sóttvarnir og rekjanleika eldisdýranna.

Í umhverfisskýrslu þarf að gera nákvæmlega grein fyrir þeim eldisstofni sem fyrirhugað er að nota upp á sóttvarnir og rekjanleika eldisdýranna.



Slysasleppingar

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að fjallað verður um mögulegar slysasleppingar, möguleg áhrif þeirra og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Fjallað verður um áhættumat Hafrannsóknastofnunar í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að regnbogasilungur er innflutt, framandi tegund. Lítil hættu er á að tegundin tímgist hér á landi en fiskur sem líklegt er að hafi sloppið úr sjókvíum hafa fundist í ám og þá er alltaf möguleiki á að þeir séu í samkeppni um fæðu við villtar laxfiskategundir. Skortur er á heildstæðu mati um hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af áhrifum slíkra sleppifiska á búsvæði villtra laxfiska.

Í svörum Hábrúnar kemur fram að eldið er utan leyfilegrar fjarlægðar frá laxveiðiám og fjallað verður um möguleg áhrif frá slysasleppingum regnboga í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir og meta hættu á að fiskur sleppi úr eldiskvíum og hverjar afleiðingar slíkra sleppinga geta orðið. Slíkt mat byggi meðal annars á áætlun um fjölda fiska sem sleppa úr eldi, upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu laxveiðiáa í Ísafjarðardjúpi og á Vestur- og Norðurlandi. Einnig þarf að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.

Flutningur á seiðum, útsetning og löndun

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að seiði verða ýmist flutt með tankbílum eða báti á viðkomandi sjókvíaeldisstöðvar. Slátrun fer þannig fram að kastnót er notuð. Fiskur er háfaður um borð og blóðgaður og látin blæða í skolkari og fer síðan í ískrapakör í lestinni. Gert er ráð fyrir að vinna allan fisk í vinnslu félagsins í Hnífsdal. Þá verður reynt að stýra slátrun eftir markaðsaðstæðum, og því oft slátrað litlu magni í einu.

Í umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun Hábrúnar telur stofnunin mikilvægt að fjallað verði ítarlega um hvernig framkvæmd flutningsins á fiskinum fer fram frá seiðaeldisstöð og út í eldiskvíar og svo til slátrunar.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig framkvæmd flutningsins á fiskinum fer fram frá seiðaeldisstöð og út í eldiskvíar og svo til slátrunar. Einnig þarf að koma fram viðbrögð framkvæmdaraðila ef útsetning er metin óheimil eftir 90 daga.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram fjallað verður um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á botndýralíf m.a. í ljósi rannsókna við fiskeldiskvíar í Álfta- og Seyðisfirði og nýlegra rannsókna í Berufirði og skýrslu Hafrannsóknastofnunar um gæðabætti og viðmiðunaraðstæður strandsjávahlota. Einnig verður stuðst við niðurstöður rannsókna á botndýralífi sem unnið var 2012 út af Ytraskarði við Snæfjallaströnd. Gerð grein fyrir þeim gögnum sem eru til um fuglalíf á kvísvæðum m.a. í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands og hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf og þá sérstaklega fugla á valista 2018 á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands. Selir hafa verið taldir nokkrum sinnum í djúpinu verður gert grein fyrir þeim rannsóknum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsáætlun Hábrúnar kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að í umhverfismati verði metin áhrif eldisins á líffræðilegan fjölbreytileika, þ.e. hvort framkvæmdin komi til með að ógna tegundum eða vistkerfum á svæðinu. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og ætlana, skal greina, lýsa og meta með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar. Ísafjarðardjúpi er búsvæði margvíslegra lífvera, m.a. plantna, fugla,



spendýra og ýmissa sjávarlífvera. Margar tegundir eru á válista, þ.e. eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í útrýmingarhættu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hefur tilnefnt alstórt svæði í innanverðu Ísafjarðardjúpi fyrir B-hluta náttúruuminjaskrár þar sem stofnunin telur mikilvægt að búsvæði landsels séu vernduð. Þar á meðal er svæði er kallast Hvítanes-Ögurnes sem nær yfir mynni Hest- og Skötufjarðar og austur fyrir Breiðfirðinganes. Þetta svæði skarast á við áformað eldissvæði Hábrúnar ehf. í mynni Hestfjarðar sem þar að auki er mjög nálægt Hvítanesi sem er mikilvægur hvíldarstaður fyrir landseli og þeir eru þar alla jafna í miklum þéttleika. Að mati Náttúrufræðistofnunar fer eldi í sjókvíum ekki vel við verndun búsvæða landsels þar sem truflun getur verið af starfsemi fyrir selina þar sem þeir eru við hvíld og fæðuöflun. Landselur er á válista Náttúrufræðistofnunar og þar metinn í hættu vegna fækkunar í stofninum. Afar brýnt er því að tryggja verndun hans á lykilsvæðum. Náttúrufræðistofnun bendir á að í Ísafjarðardjúpi eru mikilvæg fuglasvæði, einkum sjófuglabbyggðir sem og varplönd æðarfugls. Þar má nefna Vigur og Æðey, en báðar eyjurnar hafa verið tilnefndar fyrir B-hluta náttúruuminjaskrár vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglategundir eins og lunda, teistu og æðarfugl, en þessar tegundir eru allar á válista Náttúrufræðistofnunar og metnar í hættu, mikilli hættu eða bráðri hættu. Þó áform Hábrúnar um sjókvíaeldi séu ekki í næsta nágreppi við eyjarnar eru t.d. sjókvíar í Hestfirði og Drangsvík ekki langt frá og huga þarf almennt að áhrifum uppbyggingar sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi á fuglalíf svæðisins í heild. Náttúrufræðistofnun bendir einnig á að skoða ætti botndýralíf í Hnífsdalsvík þar sem það hefur ekki verið kannað áður. Auk þess bendir stofnunin á að styðjast ber við nýjustu heimildir varðandi gæðapætti og viðmiðunaraðstæður strandsjávarhlota frá árinu 2019.

Í svörum Hábrúnar kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verða metin áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og hvort framkvæmdin ógni tegundum. Hábrún mun gera botndýraathugun í Hnífsdalsvík og hefur þegar fengið óháða aðila til að annast þá rannsókn. Einnig mun Hábrún fjalla um möguleg áhrif á seli og fugla í Ísafjarðardjúpi í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að greina, lýsa og meta bein og óbein umtalsverð áhrif á líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar, s.s. seli og fugla. Einnig þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisþurrðar og burðargetu svæðisins.

Nytjastofnar sjávar og önnur nýting

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að ekki sé talið að kvíar Hábrúnar í Ísafjarðardjúpi muni hafa áhrif á fiskveiðar. Fisk- og rækjuveiðar séu stundaðar í Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt útbreiðslu helstu nytjastofna séu litlar líkur á að fyrirhugað sjókvíaeldi Hábrúnar muni trufla veiðar í Ísafjarðardjúpi. Fjallað verði nánar um veiðar á svæðinu í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu þarf gera grein fyrir útbreiðslu nytjastofna og leggja mat á áhrif fiskeldisins á veiðar og aðrar nytjar í Ísafjarðardjúpi, þ.m.t. möguleg áhrif eldisins á kalkþörungum og vinnslu á kalkþörungaseti.

Myrkurgæði

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum lýsingar frá sjókvíaeldisstöð á ásýnd og myrkurgæði við mat á áhrifum á landslag og ásýnd lands, ásamt því að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á.

Ásætuvarnir

Í umsögn Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknarstofnunar um matsáætlun Hábrúnar benda stofnanirnar á ef fyrirhugað er að nota koparnætur í kvíar skuli gera grein fyrir því og fjalla um umhverfisáhrif þeirra.



Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort fyrirhugað er að notast við ásætuvarnir og leggja mat á áhrif þeirra.

Ásýnd, útivist og ferðaþjónusta

Ásýnd framkvæmdarinnar verður könnuð með sýnileikagreiningu í landupplýsingaforriti. Fjallað verður um niðurstöður sýnileikagreiningar í samhengi við rannsóknir um ásýndaáhrif fiskeldis í verkefninu Sýnileiki sjókvía sem unnið er af RORUM í samvinnu við Laxa fiskeldi og er styrkt af Umhverfissjóði fiskeldis 2018. Fjallað verður um ferðaþjónustu á Vestfjörðum í heild með áherslu á Ísafjarðardjúp. Gerð verður grein fyrir vexti hennar, framtíðarhorfum, helstu auðlindum og viðkomustöðum, aðilum og tegundum ferðaþjónustu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun Hábrúnar kemur fram mikilvægt sé að taka tillit til sammögnunaráhrifa sérstaklega við önnur eldissvæði en miðað við áformin stefnir í umfang og fjölda eldissvæða af þeim toga að ásýndaráhrif geta á tilteknum stöðum orðið umtalsverð.

Skipulagsstofnun bendir á að sjókvíaeldisstöðvar af þeirri stærðargráðu og fyrirhuguð er við Ísafjarðardjúp kemur óhjákvæmilega til með að breyta ásýnd á umfangsmiklu svæði sem ber lítil sem engin merki varanlegra mannvirkja á hafi og kann sýnileiki sjókvíaeldisstöðva að hafa áhrif á upplifun heimamanna og gesta svæðisins.

Í umhverfismatsskýrslu þarf, auk þess sem tilgreint er í matsáætlun Hábrúnar að meta gildi og aðdráttarafli svæðisins með tilliti til búsetu, ferðaþjónustu og útivistar. Slíkt mat þarf að leggja til grundvallar mati á áhrifum á ásýnd, útivist og ferðamenn. Birta þarf sýnileikakort og ljósmyndir frá völdum sjónarhornum og færa inn fyrirhugaða framkvæmd á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar. Gera þarf grein fyrir og leggja mat á samlegðaráhrif ásýndar með öðrum sjókvíaeldisstöðvum í grennd við þá framkvæmd sem er hér til umfjöllunar. Birta þarf sýnileikakort þar sem sýnd er skörun ásýndaráhrifa sjókvíaeldisstöðva í grennd. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í umhverfismatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna.

Vöktun

Í matsáætlun Hábrúnar kemur fram að áður en fiskeldi hefst á hverju eldissvæði verða tekin botnsýni fyrir vöktun á áhrifum fiskeldis á botndýralíf. Einnig verða tekin botnsýni til að mæla magn lífræns kolefnis í seti. Þá verða einnig tekin sýni úr vatnsbolnum til mælinga á uppleystum næringarefnum. Þegar hámarks lífmassa er náð verða tekin botnsýni á áhrifasvæði, fyrir utan áhrifasvæðið og á viðmiðunarstöð u.þ.b. 1.000 metra frá kvíum. Tekin verða þrjú greiparsýni á hverjum stað til athuganna á botndýrum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar bendir stofnunin á að í umhverfismatsskýrslu ættu að liggja fyrir drög að vöktunaráætlun, þ.e. upplýsingar um það hvernig fyrirtækið hyggst vakta umhverfisáhrif eldisins. Stofnunin bendir rekstraraðila á staðalinn NS 9410 til að meta svæði eftir hvíld en heimild til útsetningar miðast við þann staðal.

Í svörum Hábrúnar kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vöktunaráætlun Umhverfismatsskýrslu. Í vöktunaráætlun Hábrúnar verður lögð áhersla á sýnatöku eftir hvíld eins og nú er gert í Skutulsfirði.

Í umhverfismatsskýrslu þarf, auk þess sem tilgreint er í matsáætlun Hábrúnar að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun á ástandi sjávar, smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþáttar. Einnig þarf að setja fram viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á álag umfram sett viðmið.



4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Hábrúnar ehf. ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Skilgreiningar og efnistöð.** Nota skilgreiningar eins og þær koma fyrir í lögum um fiskeldi og að samræmis sé gætt við notkun hugtaka. Framsetning og efnistöð þurfa að vera skýr og lýsandi, svo Skipulagsstofnun, umsagnaraðilar sem og aðrir sem vilja kynna sér áform Hábrúnar fái rétta mynd af áformunum.
2. **Burðarþol Ísafjarðardjúps.** Fram komi í umhverfismatsskýrslu hvernig staðið verði að áformuðu eldi m.t.t þeirra takmarka sem burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp setur.
3. **Tillaga að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða.** Gera grein fyrir staðsetningu eldissvæða m.t.t. þeirra nýtingarflokka sem kynntir eru í tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða auk þýðingu þess fyrir framkvæmdaraðila ef tillaga að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða verði samþykkt í núverandi mynd.
4. **Fjarlægðir milli ótengdra aðila og sjúkdóma.** Gera grein fyrir og leggja mat á samlegðaráhrif núverandi og fyrirhugaðs fiskeldis í Ísafjarðardjúpi varðandi forsendur til að víkja frá meginreglunni um 5 km fjarlægð milli eldissvæða, áhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxa- og fiskilús, villta stofna og aðrar sjávarnytjar. Leggja þarf fram spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og fiski- og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum mælinga á yfirborðsstraumum á eldissvæðum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Ísafjarðardjúpi og á Vestfjörðum, svo og á möguleg áhrif á eldi annarra aðila. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.
5. **Valkostir.** Gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat fyrirhugaðrar framleiðslu á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir geta falist í frekari skoðun á staðsetningu eldissvæða vegna nálægðar núverandi áforma við eldissvæði ótengdra aðila og áform sem eru í samræmi við útgefið burðarþol Ísafjarðardjúps.
6. **Sjókvíaeldisstöð.** Gera grein fyrir þeim búnaði sem tilheyrir áformuðum sjókvíaeldisstöðvum, þ.m.t. þeim búnaði sem sinnir fóðurgjöf. Einnig þarf að gera grein fyrir hvar samsetning og útsetning þess búnaðar sem er nauðsynlegur til reksturs slíkrar stöðvar eiga sér stað.
7. **Samlegðaráhrif, næringarefnalosun og efna- og lyfjanotkun.** Gera grein fyrir samlegðaráhrifum næringarefnalosunar og mögulegrar losunar hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar, m.t.t. þeirrar starfssemi sem nú þegar er í rekstri auk þeirra eldisáforma sem fyrirhuga losun í sameiginlegan viðtaka.
8. **Siglingaleiðir.** Gera grein fyrir og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á siglingar í Ísafjarðardjúpi og aðra sjótengda starfsemi í samráði við yfirvöld.
9. **Meningaminjar.** Gera grein fyrir athugun á heimildum um skipskaða í Ísafjarðardjúpi og fornleifafræðingur með þekkingu á neðansjávarminjum fenginn til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar á hafsbotninum innan eldissvæðanna.
10. **Úrgangur.** Gera grein fyrir lífrænum úrgangi vegna starfseminnar og förgun hans.
11. **Eldisstofn.** Gera nákvæmlega grein fyrir þeim eldisstofni sem fyrirhugað er að nota upp á sóttvarnir og rekjanleika eldisdýranna.
12. **Slysasleppingar.** Gera ítarlega grein fyrir og meta hættu á að fiskur sleppi úr eldiskvíum og hverjar afleiðingar slíkra sleppinga geta orðið. Slíkt mat byggji meðal annars á áætlun um fjölda



fiska sem sleppa úr eldi, upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu veiðiaá í Ísafjarðardjúpi og á Vestur- og Norðurlandi. Einnig þarf að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.

13. **Flutningur á seiðum, útsetning og löndun.** Gera grein fyrir hvernig framkvæmd flutningsins á fiskinum fer fram frá seiðaeldisstöð og út í eldiskvíar og svo til slátrunar. Einnig þarf að koma fram viðbrögð framkvæmdaraðila ef útsetning er metin óheimil eftir 90 daga.
14. **Líffræðilegur fjölbreytileiki.** Greina, lýsa og meta bein og óbein umtalsverð áhrif á líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar, s.s. seli og fugla. Einnig þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisþurrðar og burðargetu svæðisins.
15. **Nytjastofnar sjávar og önnur nýting.** Gera grein fyrir útbreiðslu nytjastofna og leggja mat á áhrif fiskeldisins á veiðar og aðrar nytjar í Ísafjarðardjúpi, þ.m.t. möguleg áhrif eldisins á kalkþörungum og vinnslu á kalkþörungaseti.
16. **Myrkgæði.** Gera grein fyrir áhrifum lýsingar frá sjókvíaeldisstöð á ásynd og myrkgæði við mat á áhrifum á landslag og ásynd lands, ásamt því að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á.
17. **Ásætuvarnir.** Gera grein fyrir hvort fyrirhugað er að notast við ásætuvarnir og leggja mat á áhrif þeirra.
18. **Ásynd, útivist og ferðapjónusta.** Meta gildi og aðráttarafl svæðisins með tilliti til búsetu, ferðapjónustu og útivistar. Slíkt mat þarf að leggja til grundvallar mati á áhrifum á ásynd, útivist og ferðamenn. Birta þarf sýnileikakort og ljósmyndir frá völdum sjónarhornum og færa inn fyrirhugaða framkvæmd á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásyndarbreytingar. Gera þarf grein fyrir og leggja mat á samlegðaráhrif ásyndar með öðrum sjókvíaeldisstöðvum í grennd við þá framkvæmd sem er hér til umfjöllunar. Birta þarf sýnileikakort þar sem sýnd er skörun ásyndaráhrifa sjókvíaeldisstöðva í grennd. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í umhverfismatskýrslu fyrir vali sjónarhorna.
19. **Vöktun.** Leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun, auk þess sem tilgreint er í matsáætlun Hábrúnar, á ástandi sjávar, smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþátta. Einnig þarf að setja fram viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á álag umfram sett viðmið.

Reykjavík, 22. september 2022.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson